

GESTUR GUNNARSSON

Tæknifræðingur & Pípulagnameistari
s. 551 1628
Flókagata 8
105 Reykjavík
ICELAND

Strandrof


Nú höfum við lesendur Morgunblaðsins fengið fréttir af miklu strandrofi á Kjalarnesi. Örlygur Hálfðánarsson benti fyrir nokkrum árum á mikið rof sem hefir orðið í Viðey. Sá er þetta ritar taldi um tíma að þetta rof í eyjunni væri vegna hafnargerðar og dýpkunar í sundahöfn. Svo fór að fréttast af svipuðum fyrirbærum uppi á Kjalarnesi og í Kjós. Fórum við Örlygur þangað að skoða og sáum ýmislegt skrítið. Vegur að eyðijörðinni Prestshúsum var horfinn, það eina sem benti til þess að þarna hafði verið vegur var hliðstólpi sem stóð á sjávarbakka og hliðgrindin hékk yfir fjörunni sem er nokkrum metrum neðar. Eiginlega ætti að friða þetta fyrirbæri því það er með því merkilegra sem sést hefir síðan Salvador sálugi Dali kvaddi þennan heim. Gallinn er bara sá að enginn veit hver höfundurinn er. Skipstjórar sanddæluskipa liggja undir grun en þeir hafa aðeins leyfi til þess að sjúga upp sand langt frá landi.

Bændur þar uppfrá hafa orðið varir skipaferða á myrkum nóttum og hafa jafnvel hlustað á spjall skipverja. Þess ber þó að geta að hljóð geta borist langa leið eftir yfirborði sjávar ef loftið er kaldara en sjórinn. Eitt af því sem rannsakað var þegar Surtsey varð til var þróun strandarinnar. Eftir einn vetur hafði aldan brotið niður hraunið næst sjónum og þeir steinar sem voru það stórir að sjórinn skolaði þeim ekki burt, höfðu myndað brimstall í fjörunni og út í sjó. Þegar alda gengur á land styttist hún og hækkar með minnkandi dýpi, þegar dýpið er komið niður í u.þ.b. tvöfalda ölduhæðina er aldan ekki lengur stöðug, veltur fram, brotnar og ölduorkan umbreytist í straum sem vellur um fjöruna. Eftir að brimstallur hefir myndast er ströndin nokkuð stöðug eftir það. Ef grjót er í fjörunni er stallurinn stuttur og brattur.

Sandfjörur eru með litlum halla og þar nær stallurinn langt út. Sjór og strönd eru oftast í jafnvægi sem getur þó raskast í aftakaveðrum eins og varð árið 1799 þegar Básendakaupstaður lagðist af og tenging Örfyrseyjar við land rofnaði. Fjörurnar í Hvalfirði eru það langt frá hafinu að efnið er frekar fíngert og brimstallurinn hallalítill, ef efni er tekið úr stallinum getur það runnið til, aldan fer að brotna á ströndinni sem brotnar niður og fer að mynda nýjan stall.

Vinnsla byggingarefna af sjávarbotni er örugglega hagkvæm aðferð, ekki þarf að leggja vegi fyrir þunga umferð, dekkjaslit er ekkert, eldsneytiskostnaður er lægri en með vörubílum og skip endast lengur en bílar.

Verðmyndun byggingarefnanna ræðst af flutningskostnaði á landi og er þá ekki ósanngjörn krafa að námufyrirtækin fergi botninn undan ströndunum svo hann renni ekki út.



Meðfylgjandi mynd er úr Jarðfræði eftir Dr Þorleif heitinn Einarsson Prófessor við Háskóla Íslands.

Jan 09

Gestur Gunnarsson